

Ár 2016, miðvikudaginn 10. ágúst, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 3/2016:
Rúnar Örn Ágústsson
gegn
Guðmundi Róberti Guðmundssyni

Gögn málsins nr. 1 til 9 liggja frammi. Mættir eru í dóminn Rúnar Örn Ágústsson kærandi og Guðmundur Róbert Guðmundsson kærði.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I. Aðilar og dómkröfur.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 1. júlí sl. Kærandi er Rúnar Örn Ágústsson, Galtalind 4, 201 Kópavogi. Kærði er Guðmundur Róbert Guðmundsson, Brekkuási 6, 221 Hafnarfirði.

Málinu var úthlutað Hilmari Gunnlaugssyni dómara í dómstól ÍSÍ 1. júlí 2016. Daginn eftir var kærða veittur frestur til að skila greinargerð í málinu og boðað til þingfestingar málsins þann 8. júlí sl. Málið var einnig tekið fyrir þann 11. júlí og hófst þá aðalmeðferð þess, en henni var lokið í fyrirtöku þann 14. júlí sl. og málið dómtekið.

Dómkröfur kæranda eru svofelldar:

Kærði, Guðmundur Róbert Guðmundsson, notfærir sér kjölsog með ólöglegum hætti síðustu kílómetra keppinnar. Með vísun í keppnisreglur mótsins og reglur alþjóða hjólreiðasambandsins, UCI, verði kærði færður í síðasta sæti í hópnum sem hann kom í mark með og kærandi, Rúnar Örn Ágústsson, færist þá úr 2. sæti keppinnar upp í 1. sæti.

Dómkröfur kærða eru svofelldar (í greinargerð ranglega talað um kæranda):

Kærði krefst þess að vera sýknaður af kröfu kæranda og að honum verði dæmdur málskostnaður með vísan til e-liðar 36.1 gr. laga ÍSÍ.

II. Málsatvik.

Aðilar deila ekki um helstu atriði málavaxta, en fram hafa verið lögð þrjú myndbönd sem varpa nokkru ljósi á málavexti. Íslandsmeistaramót í götuhjólreiðum fór fram 25. júní sl. Hjólað var frá Olís í Norðlingaholti til Hvolsvallar, 110 km. leið.

Málsaðilar voru í fremsta hóp í keppninni og þegar um 20 km. voru eftir þá tóku þeir tveir sig út úr og mynduðu einir fremsta hóp eftir það. Hjóluðu þeir tveir samferða síðustu 20 km. og skiptust á að vera á undan. Þegar skammt var til marklínu færði kærandi sig frá hægri hlið vegar að miðlínu í því skyni að koma í veg fyrir að kærði gæti nýtt kjölsog af kæranda. Lauk þar samvinnu aðila og markaði þetta upphaf endasprettar. Í kæru er byggt á því að um 1,5 km. hafi verið í marklínu þegar þetta átti sér stað, en í framburði vitna var talið að um 2-3 km. hafi þá verið í marklínu.

Óumdeilt er að kærði fór yfir miðlínu. Af hálfu kærða er á því byggt að kærandi hafi einnig gert hið sama. Nýtur sú staðhæfing stuðnings dómara keppinnar, vitnisins Guðmundar Jakobssonar.

Þá deila aðilar um það hvort kærandi hjólaði í veg fyrir kærða í endaspretti, en á því er byggt í greinargerð kærða.

III. Máltilbúnaður kæranda.


Kærandi byggir á því að í keppnisgögnum hafi svofelld regla verið kynnt:

Algerlega óheimilt er að fara yfir miðlínu þar sem hún er til staðar, skiptir þá engu hvort að hún sé heil eða brotin. Þeir keppendur sem verða uppvísir að því að fara yfir miðlínu geta átt á hættu að vera vísað tafarlaust úr keppni án viðvörunar.

Þessi regla hafi verið ítrekuð áður en keppni var ræst á keppnisfundi.

Þá kveður kærandi að í keppnisgögnum komi einnig fram að til viðbótar Almennum reglum keppinnar hafi gilt reglur HRÍ og alþjóða hjólreiðasambandsins UCI (Union Cycliste Internationale). Þegar keppandi brjóti af sér í lok keppni og hafi hag af er í keppnum erlendis sem fylgja einnig reglum UCI reglu 10.2.1 í töflu undir 12.1.040 í kafla 12 *Discipline and procedures* í reglum UCI beitt og sé sá sem brjóti af sér settur í síðasta sæti í þeim hópi sem hann kemur með í mark.

Kærandi byggir á því að hjólreiðamaður í skjóli af öðrum hjólreiðamanni noti um 30% minni orku en sá sem er fremstur og taki vindinn. Á flötum vegi (0% halli) á tæplega 40 km/klst hraða megi áætla að það fari tæplega 80% af orkunni til að komast áfram í að yfirstíga vindmótstöðu. Síðustu kílómetrarnir í þessari keppni hafi verið flatir og hraðinn á málsaðilum um 37-38 km/klst. Ávinningur af því að hjóla í skjóli frá öðrum hafi því verið mikill og enn meiri þegar tekið sé tillit til þess að móthliðarvindur hafi verið í lok þessarar keppni. Nýtir kærandi þessa mynd máli sínu til stuðnings:



Mynd 2: Sýnir hversu hátt hlutfall af heildar afli fer í að yfirstíga vindmótstöðu við mismunandi halla.

Telur kærandi að myndin sýni að mesta nýting á kjölsogi frá öðrum keppanda sé á flötum vegi. Því megi ætla að kærði hafi haft mikinn hag af broti sínu með því að taka sér stöðu vinstra megin við miðlínu þar sem hann var í skjóli frá vindinum og sparað orku áður en endaspretturinn hófst. Munur á 1. og 2. sæti hafi einungis verið 5 þúsundustu úr sekúndu og því hafi þetta haft raunveruleg áhrif á úrslit keppinnar. Vísar kærandi einnig til myndbanda sem lögð voru frammi í máli þessu.

IV. Máltilbúnaður kærða.

Kærði mótmælir máltilbúnaði kæranda sem og lýsingu málavaxta. Kærði byggir á því að mótsnefnd hafi þegar úrskurðað um málið og komist að þeirri niðurstöðu að kærði sé réttmætur sigurvegari mótsins. Síðan segir í greinargerð kærða:

1. Miðlína.

Krafa kæranda byggir á því að kærði hafi nýtt sér kjölsog með ólögmatum hætti. Kjölsog er alls ekki óheimilt og rökstuðningur kæranda enda ekki í samræmi við kröfuna og byggir á því að kærði hafi brotið gegn keppnisreglu mótsins um að óheimilt sé að fara yfir miðlínu. Reglu sem sett er fram í þeim tilgangi einum að auka öryggi keppanda gegn umferð úr gagnstæðri átt, og ekki hugsuð í neinum tengslum við kjölsog. Þá verður að benda á að kærandi hefur lagt fram myndabandsupptökur sem sýna eiga að kærði hafi farið yfir miðlínu afar stutta vegalengd af 110 km keppnisleið en sýna jafnframt að kærandi gerði það einnig, svo sem einnig var staðfest af dómara, Guðmundi Jakobssyni.

Hafi kærði brotið gegn þeirri keppnisreglu að ekki skuli farið yfir miðlínu hefur það brot eitt og sér ekki nein áhrif á úrslit keppninnar enda fóru dómara í mótstjórn yfir þau myndbönd sem liggja fyrir í málinu, strax að lokinni keppni og úrskurðuðu kærða í hag. Í reglum HFÍ segir að úrskurðir mótsnefndar séu endanlegir og því ekki heimild til að bera undir dómstól ÍSÍ samkvæmt ákvæði 1.2 í móta- og keppendareglum hjólreiðanefndar ÍSÍ svo frávisun ætti að varða.

Í keppnisreglum kemur reyndar ýmist fram að fara eigi í einu og öllu eftir umferðarlögum enda fór keppnin fram á almennum vegi og hins vegar að ekki megi fara yfir miðlínu þó brotin sé, sem er ekki það sem umferðarlög bjóða. Gera verður þá kröfu að tengsl séu á milli meints brots gegn keppnisreglum og úrslita keppninnar. Jafnvel þó keppandi gerist sekur um umferðarlagabrot, og þar með brot gegn keppnisreglum, merkir það ekki að hann hafi gerst sekur um athæfi sem réttlæti að áhrif hafi á úrslit mótsins. Sama er með brot gegn miðlínu enda ósannað með öllu að hið meinta brot hafi haft áhrif á úrslit keppninnar.

2. Kjölsog

Látið er að því liggja í greinargerð að óheimilt sé að „spara krafta“ fyrir lokasprett með því að nota kjölsog. Kjölsog er hins vegar hvorki ólöglegt eða ósiðlegt enda ganga götuhjólreiðar út á kjölsog en keppendur skiptast á að nýta sér kjölsog hvors annars.

Í því tilviki sem hér um ræðir höfðu kærði og kærandi skipst á að leiða síðustu 20 km leiðarinnar eftir að sá sem í þriðja sæti lenti, Árni Már Jónsson, datt út hópnum. Fram að því tímamarki hafði hann einnig tekið þátt í að leiða og leyfa honum að nýta sitt kjölsog. Ekkert er óeðilegt við það.

3. Reglur UCI

Kærði telur að reglur UCI eigi ekki við um þá keppni sem hér um ræðir. Ekki sé nægilegt að vísa í niðurlagi í tölvupósti til þess að þær reglur eigi við eftir því sem við geti átt, þegar hvorki sé að finna úrdrátt úr þeim reglum eða link á vefsíðu þar sem reglurnar er að finna heldur aðeins almenna tilvísun í framhaldi af upptalningu á reglum. Þær reglur sem hér gilda eru mótsreglurnar sem og áðurnefndar reglur hjólreiðadeildar ÍSÍ. Enda var aðbúnaður mótsins langt frá því að uppfylla staðla og reglur UCI t.d. um lokun vega, að síðustu 500 metrar séu afgirtir og að markalína sé á tvöföldum vegi. Það er ekki hægt að velja úr hvaða reglum fylgja skuli eftir og hverjum ekki, án þess að tilkynna þá þar um eða útskýra nánar.

Kærandi vísar þó ekki til þess að kærði hafi brotið gegn efnisreglu reglna UCI, eða brotið þær efnislega, heldur byggir á því að ákvæði reglna UCI um hvernig meðhöndla skuli ákveðin brot gegn reglunum. Hinar íslensku reglur eru þó sérreglur gagnvart þessum alþjóðlegu og ganga framár við túlkun. Þar kemur skýrt fram hver viðurlögin eru við því að keppendur hjóli yfir miðlínu en í keppnisreglunum segir að ef keppendur verða uppvísir að því að fara yfir miðlínu geti þeir átt á hættu að vera vísað tafarlaust úr keppninni án viðvörunar. Mótsstjórn taldi hins vegar ekki ástæðu til að vísa kærða úr keppni, ekki frekar en kæranda eða þeim 25 öðrum sem kærðir voru fyrir að fara yfir miðlínu.

Viðurlögin við brotinu eru skýr, heimilt er að vísa viðkomandi úr keppni. Það var ekki gert en engin heimild stendur þó til þess að færa kærða í síðasta sæti í hópnum sem hann kom í mark í og færa kæranda úr öðru sæti í það fyrsta. Ef vísa hefði átt kærða úr keppni hefði það sama átt við kæranda og aðra.

4. Brot kæranda:

Þá verður einnig að líta til þess að ef fallast ætti á sjónarmið kæranda yrði einnig að líta til þess að hann gerist sekur um brot gegn keppnisreglum, er hann í tvígang vísur frá þeirri línu sem hann hafði valið sér í endaspretti sem er klárt brot gegn reglu 2.3.036 reglna UCI þar sem segir að keppendur í endaspretti megi ekki víkja frá þeirri línu sem þeir hafa valið sér. Í myndbandi A2 sést að ákærði ætlar að fara hægra megin við kæranda en þá fer kærandi fyrir og ákærði fer þá vinstra megin og enn og aftur fer kærandi fyrir ákærða sem gera það að verkum að ákærði fer út fyrir línu aftur og fibast við bíl sem er í braut rétt fyrir endamark. Þegar kærandi fór fyrir ákærða í annað skiptið bað hann kæranda að færa sig svo að hann kæmist.

Þannig má ljóst vera að kærandi vísvitandi fór fyrir kærða í tvígang er hann var að reyna að komast fram hjá honum í endaspretti og hafði þannig mikilvægar sekúndur af kærða.

5. Málskostnaður

Gerð er krafa um málskostnað á hendur kæranda þar sem kæra er með öllu tilefnislaus. Mótsnefnd hefur þegar yfirfarið fyrirbyggjandi myndbönd og ekki gert athugasemdir við sigur kærða. Engin ný gögn koma fram í kæru og engar nýjar upplýsingar. Hefur kærði haft af málsmeðferðinni kostnað sem hann á rétt á að fá bættan með vísan til. E – liðar greinar 36.1. í lögum ÍSÍ.

V. Framburður vitna

Fyrir dóminn voru leidd tvö vitni.

Vitnið Guðmundur Jakobsson var dómari í þessari keppni. Staðfesti hann fyrir dómi að hann hefði tekið upp tvö vídeó, sem bæði lágu frammi í málinu. Jafnframt staðfesti hann að þetta voru einu vídeóin sem voru tekin af honum, en dómari var í næstu bifreið fyrir aftan fremsta hóp í keppninni. Fram kom að mótsstjórn hafi ákveðið að vera ekki með videóupptöku, en vitnið hafi ákveðið að hafa GoPro vél með vegna þessara óljósu reglna um að miða við miðlínu. Þegar hann hafi séð að eitthvað var að gerast, hafi hann sett vélinu í gang. Aðspurður kvaðst vitnið líta svo á að báðir aðilar hefðu farið yfir miðlínuna. Ekki væri svigrúm til að fara pínulítið yfir hana, annað hvort færu menn yfir hana eða ekki. Báðir keppendur hefðu gert það. Aðspurður taldi vitnið að kærði hefði ekki verið að stytta sér leið með því að fara yfir miðlínuna. Þá kom fram hjá vitninu að þegar um 50-60 metrar voru eftir í mark, þá hafi öryggisbíll truflað keppendur, og kærða sínu meira.

Vitnið kvaðst líta svo á að reglan um miðlínuna væri fyrst og fremst öryggisregla og taldi að kærði hefði ekki haft hag af því að fara yfir miðlínuna. Aðspurður um það hvort kærði hefði haft hag af því að vera í kjölsoginu, sagði vitnið að allir keppendur hefðu hag af því að vera í kjölsoginu.

Vitnið staðfesti að hafa sagt við kæranda eftir mótið að ef hann hefði ekki líka farið yfir línuna þá hefði hann dæmt honum í vil, en fyrir dómi sagði vitnið að hann hefði ekki gert það og verður sá framburður skilinn svo að vitnið telji nú að ekki hefði verið rétt að komast að slíkri niðurstöðu.

Aðspurður um dómaramenntun sína upplýsti vitnið að hann er með slíka menntun í mörgum íþróttagreinum, en ekki hjólreiðum. Vísaði vitnið til skýrslu sinnar til mótsstjórnar, sem síðar var lögð fram, þar sem vitnið skorar á stjórn hjólreiðasambandsins að standa fyrir dómaramenntun, en samkvæmt framburði

vitnisins er enginn dómari á Íslandi eftir hans vitund með réttindi til að dæma á móti sem þessu.

Þá kom fyrir dóminn vitnið Emil Þór Guðmundsson, áhorfandi á mótinu. Vitnið upplýsti að hann hefði ákveðið að fylgjast með móti þessu til að styðja félagi sinn, en þegar sá aðili hafi dregist aftur úr hafi hann ákveðið að fylgjast með fremstu mönnum og verið í næstu bifreið fyrir aftan dómabifreiðina.

Vitnið staðfesti að hafa tekið upp vídeó sem lagt var fram í málinu. Kvaðst vitnið hvorki vera stuðningsmaður kæranda né kærða og að hann hefði ekki tekið upp þetta vídeó ef hann hefði ekki talið að um væri að ræða atriði sem væri á mörkunum. Aðspurður um það hvort kærði hafi farið yfir miðlínuna kvað hann það ekki hafa farið á milli mála og að hann hefði ekki gert þetta nema af því að með því náði hann að vera í kjölsogi af kæranda. Vitnið sagði vídeóið sitt hafa verið tekið upp þegar það voru 2-3 km. að endamarki.

VI. Forsendur og niðurstöður.

Mót það sem hér er til umfjöllunar var Íslandsmeistaramót Hjólreiðasambands Íslands (HRÍ) í götuhjólreiðum. Gilda um það almennar reglur HRÍ og þeim til fyllingar reglur ÍSÍ. Þá kemur fram á facebook síðu HRÍ að HRÍ sé aðili að UCI. Í ársskýrslu UCI fyrir árið 2015 kemur fram að það ár varð HRÍ formlegur aðili að alþjóðasamtökunum. Fyrir mótið fengu keppendur afhent upplýsingablað um mótið. Þar kom m.a. fram eftirfarandi undir fyrirsögninni “Almennar reglur”:

Keppnin er haldin á opnum þjóðvegum og skulu keppendur í einu og öllu fara eftir almennum umferðarreglum sem og fyrirmælum dómara.

Algerlega óheimilt er að fara yfir miðlínu þar sem hún er til staðar, skiptir þá engu hvort að hún sé heil eða brotin. Þeir keppendur sem verða uppvísir að því að fara yfir miðlínu geta átt á hættu að vera vísað tafarlaust úr keppni án viðvörunar.

Að öðru leyti gilda reglur HRÍ og UCI eftir því sem við á um þessa keppni.

Í móta- og keppendareglum Hjólreiðanefndar ÍSÍ (nú Hjólreiðasambands ÍSÍ) frá mars 2013 kemur fram sá rammi sem um mótahald undir merkjum sambandsins gildir. Þar er fjallað um mótsstjórn og hlutverk hennar. Í grein 1.2. segir:

Mótsstjórn ber ábyrgð á mótinu og hún getur gefið mótstjóra, brautarverði og ræsi leyfi til að taka á reglubroti, dómara í endamarki leyfi til að kveða á um úrslit. Úrskurðir geta orðið með hljóði úr flautu, handabendingu, flaggi eða öðrum skilaboðum. Þessir úrskurðir eru endanlegir og ekki hægt að afturkalla.

Vísa verður öllum ágreiningi og vafaatriðum sem varða reglurnar til mótstjórnar, en úrskurður hennar er endanlegur.

Fyrir liggur í máli þessu að vitnið Guðmundur Jakobsson var dómari í keppninni og samkvæmt framansögðu verður að leggja til grundvallar að hann hafi verið bær til að ákveða á staðnum hver væru úrslit keppinnar. Þá kom fram við meðferð málsins að mótsstjórn hafi ekki verið á svæðinu í lok móts og ekki hefur verið upplýst um neina formlega afgreiðslu mótsstjórnar á því álitamáli sem hér er til umræðu, þó upplýst hafi verið um samskipti við formann mótsstjórnar í gegn um síma.

Í grein 3.3. sem fjallar um Íslandsmeistaramót og önnur landsmót segir m.a.:

Rás og endamarksdómari er tilnefndur af mótstjórn en hann úrskurðar hvort ræsing sé rétt og gefur öðrum starfsmönnum merki eftir því sem við á. Hann skal einnig dæma hvort keppandinn er á undan, komi tveir samsíða í endamark.

Allar ákvarðanir og úrskurðir mótstjórnar og aðila skipaða af mótstjórn á keppnisstað eru endanlegir hvað varðar framkvæmd keppni.

Af hálfu dómstóls ÍSÍ var sérstaklega óskað eftir umfjöllun málsaðila við flutning málsins um það, hvort líta bæri á ákvarðanir dómara keppninnar með sambærilegum hætti og dómara í kappleik, þ.e. þannig að hafi dómari tekið á atriði og kveðið upp úr með það, þá komi það ekki til endurskoðunar dómstóls ÍSÍ. Má í þessu sambandi nefnda tilvik í kappleik þar sem myndbandsupptökur sýna glögg að knöttur hafi farið út fyrir leikvöll í aðdraganda úrslitamarks, en dómari og aðstoðardómari hafi ekki metið það svo og dæmt markið gilt.

Í 36. gr. laga ÍSÍ segir að dómstólar ÍSÍ geti í dómsorði, auk efnisniðurstöðu, m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila máls:

- a. *Dæmt mót ógild og eftir atvikum dæmt að mót skuli endurtekið.*
- b. *Dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra.*
- c. *Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum og sérsamböndum en ekki einstaklingum. Dagsektir renni til ÍSÍ.*
- d. *Ákveðið sektir á félög og sérsambönd.*
- e. *Málskostnað, ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus.*

Samkvæmt þessu er ljóst að dómstóll ÍSÍ hefur almennt ekki vald til að breyta skráningu einstakra keppenda í móti, heldur eingöngu að dæma mót annað hvort ógilt og láta þar við sitja, eða ógilda mót og gera aðilum að endurtaka það. Samkvæmt b lið getur dómstóll ÍSÍ dæmt um úrslit leikja, en skoða verður þá heimild í því ljósi, að slík heimild er þá aðeins tæk, að reglur sem um viðkomandi íþróttagrein gilda, taki beinlínis á því með hvaða hætti slíkt verður gert. Má í þeim efnum vísa til reglu greinar 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem skýrt er tekið fram hvornig dæma skuli úrslit leiks ef um ólöglega skipað lið hafi verið að ræða. Dómstólar ÍSÍ hafa hins vegar ekki heimild til að breyta ákvörðunum dómara sem sannað þykir að hafi verið rangar og haft áhrif á úrslit leiks. Sama gildir um ákvarðanir eða mistök dómara sem áhrif hafa á úrslit móts.

Ekki verður ráðið af innlendum reglum að heimild sé fyrir dómstól ÍSÍ til að ákveða þá breytingu á úrslitum mótsins að færa skuli kæranda úr 2. sæti í það 1. og kærða úr 1. sæti í það 2. Af hálfu kæranda er byggt á því að heimilt sé, samkvæmt reglum UCI (UCI Cycling Regulations), kafla 12, að færa kærða í aftasta sæti síns hóps í keppninni, í þessu tilviki í 2. sætið, sem myndi þá þýða að kærandi hefði unnið mótið.

Í grein 12.1.015 segir: *National Federations may not introduce other penalties for infringements of the UCI Constitution and Regulations.*

Vísar kærandi til tilviks 10.2 í töflu í §3, grein 12.1.040, en þar segir:

10.2. irregular sprint, 10.2.1. One-Day race: Relegation to the last place in his group + 200.

Kærði hefur mótmælt því að byggja beri á þessum kafla reglnanna og telur að þá verði að horfa til þeirra í heild sinni með þeim afleiðingum að annað hvort ætti að dæma báða aðila málsins, sem og marga fleiri keppendur, úr keppninni, eða láta úrslitin standa.

Ekki er deilt um það að kærði fór yfir miðlínu vegar, enda framlögð myndbönd og ljósmynd nokkuð skýr um það atriði. Þessi sönnunargögn eru ekki jafn skýr um það

hvort kærandi hafi einnig farið yfir miðlínu en hann sést þó dansa á henni, sérstaklega í upphafi lengra myndbands dómara keppinnar, vitnisins Guðmundar Jakobssonar.

Að mati dómsins þykir ekki nægilega skýrt að tilvísun kæranda til liðar 10.2.1 í ofangreindri töflu eigi við í þessu tilviki. Telur dómurinn mögulegt að horfa verði liðar 14bis í sömu töflu, en þar segir: *Use of sidewalks/pavements, paths or cycle paths that do not form part of the course*. Viðurlögin eru þar sögð vera þessi: *Rider: 200 and/or elimination*.

Telur dómstóllinn þetta ákvæði tóna betur við ákvæði áður nefnds kafla keppnisgagna vegna þessarar keppni, þ.e. almennra reglna, þar sem fram kom að það gæti varðað keppenda vísun úr keppni, væri farið yfir miðlínu.

Að mati dómstólsins er því ekki til staðar nægilega skýr heimild fyrir dóminn til að breyta úrslitum keppinnar í þessu tilviki með því að færa kærða til um sæti – og þar með kæranda einnig, sbr. áður nefnda túlkun á b lið 36. gr. laga ÍSÍ, eins og krafa kæranda hljóðar upp á.

Stendur þá eftir hvort dómstóllinn hafi heimild til að taka til skoðunar hvort víkja eigi kærða úr umræddri keppni. Slík niðurstaða væri efnislega sambærileg við kröfu kæranda hvað varðar niðurröðun kæranda til sætis í keppninni, þ.e. hann yrði þá talinn sigurvegari mótsins. Slík niðurstaða væri mjög þungbær gagnvart kærða og gengur því mun lengra gagnvart honum en krafa kæranda hljóðar upp á og varnir kærða tóku mið af.

Af hálfu kæranda er á því byggt í máli þessu að kærði hafi með ólögumætum hætti nýtt sér kjölsog. Fyrir liggur, eins og rakið var í málavaxtalýsingu, að kærandi og kærði skiptust á að leiða keppnina og nýta sér kjölsog hins. Höfðu þeir í raun samvinnu, sem hélst allt þar til endaspættur hófst.

Af hálfu aðila var við flutning málsins ekkert vikið að því hvort til væru reglur um kjölsog og hagnýtingu þess, og ef svo, hvert væri þá efni þeirra. Verður því að leggja til grundvallar að um kjölsog gildi annað hvort óskráðar venjur eða engar sérstakar reglur.

Þar sem ekki verður séð að til staðar séu skráðar reglur um það hvenær hagnýting kjölsogs sé lögmæt og hvenær ólögmæt er ekki unnt að fallast á þann málalíbúnað kæranda að kærði hafi gerst sekur um að notfæra sér kjölsog með ólöglegum hætti síðustu kílómetra keppinnar. Jafnvel þó fallast megi á, að líkur standi til að kærði hafi tekið sér þá stöðu sem hann gerði vegna vindáttar, þá verður hér ekki talið unnt að meta það svo að kærði hafi þar með brotið gegn keppnisreglum, hvað þetta varðar.

Eftir stendur því það úrlausnarefni, hvort sú staðreynd að kærði fór út fyrir miðlínu vegar með nokkuð áberandi hætti á lokaspætti keppinnar, eigi að leiða til þess að fallist verði á málalíbúnað kæranda.

Málalíbúnaður kæranda virðist byggja á sambærilegri nálgun og gildir þegar um hlaup er að ræða á brautum í frjálsum íþróttum. Þar gildir sú ríka meginregla (sjá grein 163.3 í íslenskri þýðingu Leikreglna í frjálsum íþróttum að gera skal keppanda brottrækan

hafi hann farið út fyrir braut. Tilteknar eru tvær undanþágur á þeirri reglu að gera keppanda “leikrækan”, sjá grein 163.4:

- a) honum er hrint eða hann neyddur af öðrum til að stíga eða hlaupa utan sinnar brautar eða innan sargs eða línu sem afmarkar brautina,
- b) hann hleypur utan sinnar brautar á beinu brautinni, á beinni braut fyrir hindrunarhlaup eða út fyrir ytri línu brautar sinnar í beygju og hvorki hefur hag af því né hindrar aðra.

Í þessum reglum “skal” vísa keppanda úr keppni, fari hann út fyrir brautina. Í áðurnefndum almennum reglum eru viðurlögin í þessu máli ekki eins fortakslaus, sbr. orðin “*geta átt á hættu að vera vísað tafarlaust úr keppni án viðvörunar.*”

Leggja verður til grundvallar að kærði hafi ekki haft hag af háttsemi sinni þannig að hann hafi stýtt sér leið með einhverjum hætti. Jafnvel þó fallast megi á það sjónarmið kæranda, að kærði hafi getað haft hag af þeirri stöðu sem hann tók sér þegar kom að endaspretti á hinu kærða móti og jafnvel þótt sýnt þyki að kærði fór út fyrir brautina með skýrum hætti, verður að mati dómsins ekki talið sýnt fram á, að dómstóll ÍSÍ sé bær aðili til að endurskoða niðurstöðu dómara á vettvangi um þetta mál. Bæði er það svo að ekki þykir útilokað að afstaða dómarsins um að kærandi hafi einnig farið yfir miðlínu, þó lítið væri, sé rétt og að ekki sé útilokað að kærði hafi í raun haft af því óhag að vera vinstra megin miðlínu þegar bifreið á undan keppendum beygði til vinstri rétt áður en að marklínu var komið. En einnig hefur ekki verið sýnt fram á, að þær keppnisreglur sem um þessa keppni gilda, séu afdráttarlausar varðandi heimild dómstóls ÍSÍ til að taka upp atriði sem augljóslega áttu undir dómara mótsins.

Verður því talið að háttsemi kærða í hita leiksins eigi ekki undir dómstól ÍSÍ, sbr. túlkun þá sem hér hefur verið kynnt á 36. gr. laga ÍSÍ. Verður því að hafna kröfu kæranda.

Af hálfu kærða var farið fram á málskostnað úr hendi kæranda og vísað til reglna ÍSÍ þar um. Í grein 36.1 í lögum ÍSÍ er dómstóli ÍSÍ heimilað að dæma aðila til að greiða málskostnað, ef sýnt þykir að málsgrundvöllur hafi verið tilefnislaus. Að mati dómsins á þetta ákvæði ekki við hér og verður því kröfu kærða um málskostnað hafnað.

Dóm þennan kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari í dómstól ÍSÍ, en aðilar fluttu mál sín sjálfir.

Dómsorð:

Kröfu kæranda er hafnað.

Kröfu kærða um málskostnað er hafnað.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er bent á ákvæði 33.1 í lögum ÍSÍ, en þar segir að heimilt sé að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ og af grein 33.3 leiðir að frestur til að skjóta máli til áfrýjunardómstóls er ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna.

Dómþingi slitið
Hilmar Gunnlaugsson.